

# MIT GLOBAL STARTUP WORKSHOP 2010

ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA UM NÝSKÖPUN, HUGVIT OG GRÆNA ORKU  
HILTON HÓTEL REYKJAVÍK 24. – 26. MARS

*Taktu þátt!* *Skráðu þig núna á [www.ru.is/mba/mitgsw](http://www.ru.is/mba/mitgsw)* *Byggjum upp!*

**MIT**

**ARGENTINA**  
**AUSTRALIA**  
**BELGIUM**  
**CANADA**

**CHINA**  
**DENMARK**  
**ECUADOR**  
**ESTONIA**  
**FINLAND**  
**FRANCE**  
**GERMANY**  
**GHANA**  
**HONG KONG**  
**ICELAND**  
**INDIA**  
**INDONESIA**  
**JAPAN**  
**JORDAN**  
**KOREA**  
**LAOS**  
**MALTA**  
**MOROCCO**  
**NIGERIA**  
**NORWAY**  
**POLAND**  
**PORTUGAL**  
**PUERTO RICO**  
**REPUBLIC OF KOREA**  
**RUSSIA**  
**SINGAPORE**  
**SOUTH AFRICA**  
**SOUTH KOREA**  
**SPAIN**  
**SWEDEN**  
**TAIWAN**  
**TRINIDAD AND TOBAGO**  
**UGANDA**  
**UNITED KINGDOM**  
**UNITED STATES OF AMERICA**

**græn orka**

**hugvit**

**Innovit**

**nýsköpun**

**Háskólinn í Reykjavík**

Alex Bellinger  
Alf Bjørseth  
Andy Schroeter  
Bill Rodriguez  
Bjørn Utgård  
Chris Hannaway  
David Clark-Murphy  
Dawn van Zant  
Dmitry Repin  
Donny Ouyang  
Gary Palin

Ory Zik  
Rich Kivel  
Rob Pratt  
Robin Chase  
Rögnvaldur Sæmundsson  
Sam Purtill  
Þórunn Jónsdóttir  
Torsten Kolind  
Tina Zournatz

Tine Thygesen  
Trond Unneland  
Vilhjálmur Þorsteinsson  
William Hirsch  
Yaw Owusu  
Þorsteinn Ingi Sigfússon

Marcus Wolf  
Mohammad Asfour  
Nader Darehshori  
Ólafur Ragnar Grímsson

## ÍSLAND ER STÓRASTA LAND Í HEIMI!

Nýsköpun, hugvit og græn orka - þetta eru einkunnarorð ráðstefnu, MIT Global Startup Workshop, sem haldin verður á Hilton Nordica dagana 24.-26. mars nk. Ráðstefnan er samstarfsverkefni nemenda í MBA námi við Háskólann í Reykjavík, Massachusetts Institute of Technology í Boston og Innovits nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs.

Ráðstefnan höfðar til allra sem hafa áhuga á nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi og vilja efla tengsl sín við þá sem deila sama áhuga. Með frumkvöðlastarfsemi er ekki eingöngu átt við einstaklinga eða fyrirtæki sem fara af stað með glænýja hugmynd, heldur líka þau fyrirtæki sem finna leiðir til þess að gera hluti skilvirkari með nýjum aðferðum. Ráðstefnan er einstakt tækifæri fyrir áhugasama að hlýða á erindi lykilmanna og –kvenna, þar á meðal Robin Chase, stofnanda ZipCar, sem var nýlega valin ein af áhrifamestu einstaklingum heims af TIME Magazine.

Það kann að hljóma ótrúlega að á krepputímum er Ísland í 1. sæti yfir mestu nýsköpunarþjóðir í heimi samkvæmt árlegum lista sem INSEAD viðskiptaháskólinn í Barcelona og Samband iðnaðarins á Indlandi taka saman. Og nýlega var birt skýrsla yfir frammistöðu ríkja í umhverfismálum (The Environmental Performance Index) og þar var Ísland einnig í 1. sæti!

Ísland hefur upp á svo margt að bjóða, bæði af náttúrunnar hendi sem og fólkinu sem hér býr. Við verðum að leggjast öll á eitt og vinna saman að uppbyggingu landsins með bjartsýni á framtíðina að leiðarljósi. MIT Global Startup Workshop á sérstaklega vel við núna þegar nýsköpun á Íslandi er svo blómleg að við erum orðin mesta nýsköpunarþjóð í heimi. Ísland – stórasta land í heimi!



# innovit

Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur

MIT GSW



GLOBAL STARTUP WORKSHOP



ÚTGEFANDI:

MBA nemandi við Háskólann í Reykjavík

ÁBYRGÐAMAÐUR: Hrafnhildur S. Mooney

RITSTJÓRN: Hrafnhildur S. Mooney,

Magðalena Sigurðardóttir,

Ólöf Rún Tryggvadóttir

HÖNNUN: Bergdís Sigurðardóttir

[www.ru.is/mba/mitgsw](http://www.ru.is/mba/mitgsw)

PRENTUN: Oddi

VERKEFNASTJÓRN MIT GLOBAL WORKSHOP:

Axel Einar Guðnason, Alexander Óðinsson, Ólöf Rún Tryggvadóttir, Magðalena Sigurðardóttir, Aðalsteinn Leifsson, forstöðumaður MBA náms, Gróa Másdóttir, Hrafnhildur S. Mooney, Á myndina vantar Andra Heiðar Kristinsson, Benedikt Bjarnason, Sigríði Einarsdóttir og Þórhildi Birgisdóttir.



## Dýrmæt orkulind, en ekki ótæmandi

**Heita vatnið er einhver ódýrasta orka til húshitunar sem við eigum vöð á. En það er sjálfsagt að fara eins vel með hana og við getum í yfir 50 ár hefur Danfoss stjórnbúnaður staðið vörð um nýtingu heita vatnsins.**

Við höfum í áratugi verið leiðandi í framleiðslu stjórnbúnaðar fyrir hitakerfi og séð notendum um allan heim fyrir búnaði og lausnum, sem gerir líf þeirra þægilegra.

Við erum eini framleiðandinn á markaðinum sem sérhæfir sig í framleiðslu stjórnbúnaðar ásamt varmaskiptum og tengigrindum fyrir hitakerfi.

Við leggjum metnað okkar í að finna réttu lausnirnar fyrir viðskiptavinum okkar hverjar sem stærðirnar, þarfirnar eða kröfurnar kunna að vera.

Við bjóðum fjölbætt úrval búnaðar til hitakerfa svo sem:

- Ofnhitastilla
- Gólfhitastýringar
- Þrýstistilla
- Hitastilla
- Mótorkoka
- Stjórnstöðvar
- Varmaskipta soðna og boltaða
- Úrval tengigrinda á lager
- Sérsmíðaðar tengigrindur og stöðvar fyrir allt að 25 MW afl

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins  
Danfoss hf. • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími: 510 4100 • veffang: [www.danfoss.is](http://www.danfoss.is)

MIT HÁSKÓLINN Í BOSTON HEFUR ÁRLEGA FRÁ 1998 HALDIÐ ALÞJÓÐLEGA FRUMKVÖÐLA-RÁÐSTEFNU MEÐ ÞÁTTTAKENDUM FRÁ ÖLLUM HEIMSÁLFUM. MIT VALDI AÐ ÞESSU SINNI HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK OG INNOVIT TIL SAMSTARFS OG FER MIT GLOBAL STARTUP WORKSHOP 2010 FRAM Á HILTON NORDICA, DAGANA 24. TIL 26. MARS.

*Í mars horfir samfélag frumkvöðla til Íslands*

Við viljum byrja á því að þakka Háskólanum í Reykjavík og Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetri, fyrir að gefa okkur tækifæri á að halda MIT Global Startup Workshop (MIT GSW) á Íslandi. Þegar við heimsóttum Ísland síðastliðið vor var ljóst að Íslendingar voru enn að vinna úr efnahagshruninu frá því í október. Við urðum hins vegar vör við mikla jákvæðni, bjartsýni og vilja til að endurreisa landið og leita nýrra tækifæra. Á þessum erfiðu tímum fundum við engu að síður fyrir miklum áhuga á að skapa nýja hluti og ný tækifæri.

Það var ekki síst vegna þessa sem Ísland varð fyrir valinu, við viljum leggja okkar af mörkum til að aðstoða Íslendinga að komast út úr kreppunni með nýsköpun, hugviti og frumkvöðlastarfsemi. En við viljum einnig senda umheiminum skilaboð - Ísland er leiðandi í notkun á grænni orku. Endurnýtanleg orka er spennandi mála-flokkur með gríðarlegum tækifærum sem þarf að ná eyrum allra. Í mars horfir samfélag frumkvöðla til Íslands til þess að læra meira um nýsköpun, græna orku og hvernig Íslendingar ætla að sigrast á erfiðu efnahagsástandi.

MIT GSW ráðstefnan var fyrst haldin í Cambridge, Massachusetts fyrir 13 árum en hún er afsprengi MIT \$100K sem er ein virtasta frumkvöðlakeppnin í þróun viðskiptahugmynda. Markmið fyrstu ráðstefnunnar var að miðla þekkingu til annarra háskóla og frumkvöðlasetra og þá sérstaklega til að aðstoða þá að þróa sína eigin keppni. Síðastliðin ár hefur MIT GSW þróast í þá átt að vera ráðstefna um málefni frumkvöðla í víðara samhengi og með sérstaka áherslu á að styrkja tengslanet frumkvöðla.

Ráðstefnan hefur verið haldin í sex heimsálfum með þátttakendum frá meira en sextíu löndum. Hún hefur vaxið jafnt og þétt og hefur nú öðlast mikilvægan sess í alþjóðlegu samfélagi nýsköpunar. MIT GSW er öflugt samfélag nýsköpunar sem tengir saman frumkvöðla, sprotafyrirtæki, fagfjárfesta, háskólanema, fræðimenn, fyrirtæki og stofnanir. Við fögnum því að halda MIT GSW í Reykjavík og vonumst til að sjá þig á Hilton Nordica, 24.-26. mars!



## Mikilvægasti þáttur starfsemi okkar er flestum ósýnilegur

Jarðboranir eru stærsta fyrirtæki í heimi sem sérhæfir sig í öflun jarðhita. Áratuga reynsla af verkefnum erlendis, sterkur heimamarkaður og ný kynslóð hátæknivæðra stórbora gerir kleift að sækja fram sem aldrei fyrr. Áfangastaðurinn er alltaf í sjónmáli: Verðmæt útrás íslenskrar þekkingar.

Jarðvarmi er einn hreinasti orkugjafi í heimi. Aukin notkun jarðvarma mætir knýjandi þörf fyrir vistvæna orku og dregur úr mengandi brennslu jarðefnaeldsneytis. Þannig stuðlar starfsemi okkar að betra umhverfi og auknum loftgæðum.

 **HEKLA ENERGY**  **JARÐBORANIR**  
Við opnum þér auðlindir

# Eflum nýsköpun

## ÍSLENDINGAR ÞURFA AÐ NÝTA TÆKIFÆRIN BETUR

Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík

Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, segir að frumkvöðlaráðstefna MIT, HR og Innovit sé merkur og mikilvægur áfangi fyrir háskóla- og nýsköpunarsamfélagið á Íslandi. Þátttakendur á ráðstefnunni hafi ómetanlega fjársjóði fólga í þekkingu sinni og reynslu á sviði nýsköpunar og frumkvöðlastarfs. „Ráðstefnan skapar líka vettvang og tækifæri fyrir nemendur frá MIT, HR og fleiri skólum til að mynda tengsl og verða virkir þátttakendur á þessu sviði,” segir hann.

MIT-háskólinn í Boston hefur haldið alþjóðlega frumkvöðlaráðstefnu víða um heim undanfarin tólf ár og er þetta því í þrettánda sinn sem slík ráðstefna er haldin. MIT valdi HR til samstarfs um ráðstefnuna í ár úr hópi 20 skóla. „Það er mikil viðurkenning fyrir nýsköpun og frumkvöðlastarf á Íslandi að við skulum hafa verið valin til að hýsa ráðstefnuna,” segir Ari, „því mikil samkeppni er á milli landa og skóla um að fá ráðstefnuna til sín.“

Pegar Ari er spurður hversu mikilvæg nýsköpun sé fyrir íslenskt samfélag í kreppunni svarar hann því til að nýsköpun sé alltaf mikilvægur þáttur í atvinnulífinu og í samfélaginu í heild. Nýsköpun og frumkvöðlastarf hafi hins vegar alveg sérstöku hlutverki að gegna á krepputímum. Þá þurfi að þróa nýjar hugmyndir og stofna ný fyrirtæki. „Á krepputímum er erfiðara fyrir einstaklinga að komast í þau störf sem til eru. Því myndast svigrúm til að virkja mannauðinn með það að markmiði að skapa nýjar hugmyndir og ný störf hvort sem er innan þeirra fyrirtækja sem fyrir eru eða með stofnun nýrra fyrirtækja.“ Hann segir að með því að yta undir nýsköpun megi slá tvær flugur í einu höggi, efla atvinnulífið á erfiðum tímum og byggja upp samkeppnisforskot til framtíðar.

## NÁIN TENGL ATVINNULÍFS OG HÁSKÓLA SKIPTA MÁLI

Ari segir að menntun og þekking sé grundvöllur öflugs nýsköpunar- og þróunarstarfs á Íslandi. Mikilvægt sé að leggja áherslu bæði á bóklega þekkingu og færni í lausn raunverulegra verkefna. Þar skipti nán tengsl atvinnulífs og háskóla miklu máli.

Umhverfi til nýsköpunar þurfi líka að vera hvetjandi svo hlúa megi að frumkvöðlastarfi. „Pegar litið er til þess að skapa aðstöðu fyrir nýsköpun, þá er ekki nóg að líta bara til húsnæðis. Mikilvægt er til dæmis að tengja saman aðila í nýsköpun á ólíkum



„ÞAÐ ER MIKIL VIÐURKENNING FYRIR NÝSKÖPUN OG FRUMKVÖÐLASTARF Á ÍSLANDI AÐ VIÐ SKULUM HAFNA VERIÐ VALIN TIL AÐ HÝSA RÁÐSTEFNUNA.“

sviðum og veita þeim aðgang að tækniþekkingu, viðskiptaþekkingu og lagaþekkingu.“

Stærsti þröskuldurinn sé þó ef til vill fjármögnun nýrra hugmynda og fyrirtækja. „Lítill hefð er á Íslandi fyrir beinni fjárfestingu í nýsköpunarverkefnum eins og þekktist til dæmis í Bandaríkjunum,” segir Ari og bendir á, í því samhengi, að mikið af fjármunum sitji nú á innlánsreikningum bankanna. „Með því að skapa hvata og grundvöll fyrir fjárfestingu einstaklinga og sjóða í nýsköpun er hægt að skapa fjárfestingartækifæri og stórefla nýsköpun á Íslandi. Slíkt hefur bæði samfélagslegan og efnahagslegan ávinning.“

Ari segir að síðustu að mikil tækifæri séu í nýsköpun hér á landi, en að við Íslendingar þurfum að læra að tileinka okkur nýjar leiðir svo við getum nýtt tækifærin sem best. Ráðstefna sem þessi geti gegnt lykilhutverki í þeirri viðleitni.

## Tækifæri til vaxtar

Íslandsbanki í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands býður frumkvöðlum upp á aðstöðu og húsnæði í Kvosinni við Lækjargötu. Kvosin er viðskiptasetur þar sem einstaklingar og hópar fá aðstöðu til að vinna að viðskiptahugmyndum og stofna fyrirtæki undir faglegri umsjón sérfræðinga.

Kvosin var opnuð í húsakynnum Íslandsbanka í janúar 2009 og hefur fengið frábærar viðtökur en 27 fyrirtæki nýta sér þá aðstöðu og sérfræðiráðgjöf sem er í boði.

Fáðu nánari upplýsingar um Kvosina á vef Nýsköpunarmiðstöðvar, [www.nmi.is](http://www.nmi.is).



## Vaxtasproti - Frumkvæði til framtíðar

Vaxtasproti er sparnaðarreikningur sem rennir stöðum undir þá stefnu Íslandsbanka að styðja við frumkvöðlastarf. Þannig er reikningurinn ekki eingöngu öruggur sparnaðarkostur sem ber góða vexti heldur leggur bankinn 0,1% mótframlag af innstæðu á ársgrundvelli í sérstakan frumkvöðlasjóð til stuðnings sprotafyrirtækjum.

5,85% árvextir	Hagur fyrir þig Þú leggur inn á Vaxtasproti og færð 5,85% árvexti*	>>	Hagur fyrir uppbyggingu og nýsköpun Bankinn leggur mótframlag í Frumkvöðlasjóð Íslandsbanka
-------------------	---	----	--

\*Samkvæmt vaxtaoflu Íslandsbanka 01.03.10

Kynntu þér Vaxtasproti á [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is), í næsta útibúi eða í Þjónustuveri okkar í síma 440 4000.

[islandsbanki@islandsbanki.is](mailto:islandsbanki@islandsbanki.is)  
[www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)  
Sími 440 4000



Jsem soucástí energetického problému. Jsem moc produkující metan.

Farðu á [translate.google.com](http://translate.google.com) til að skilja hvað feiti Tékkinn er að segja!

SJÓVÁ

# Dagskrá

ALÞJÓÐLEG FRUMKVÖÐLARÁÐSTEFNA  
DAGANA 24/25/26 MARS 2010

## Miðvikudagur 24. mars

9:00 - 10:00	SKRÁNING
10:00	<b>SETNING</b> Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík <b>ÁVARP</b> Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson
11:00	Frumkvöðlastarf á Íslandi, <i>pallborðsumræður</i>
12:00 - 13:00	HÁDEGISHLÉ
13:00	Námskeið í lyftukynningum (e. Elevator Pitch Contest)
14:00	Viðskiptaáætlanir, <i>vinnusmiðja</i>
15:30	KAFFIHLÉ
16:00 - 17:00	<b>Ken Morse</b> , raðfrumkvöðull, stofnandi og fyrrverandi framkvæmdastjóri frumkvöðlaseturs MIT háskóla
18:30 - 20:30	Opnunarhátíð, Helligheðarvirkjun (rútuferðir frá Hilton, Nordica)

### KÆRAR ÞAKKIR!

STUÐNINGUR FYRIRTÆKJA SEM HAFNA TEKIÐ HÖNDUM SAMAN UM AÐ STYÐJA VIÐ SJÁLFBODASTARF NEMENDA VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK OG MIT HÁSKÓLANN ER ÓMETANLEGUR.



## Fimmtudagur 25. mars

9:30	Dagskrárkynning
9:45	<b>Richard Kivel</b> , forstjóri/stjórnarformaður MIT Enterprise Forum spjallar við <b>Nader Darehshori</b> , fjárfesti og fyrrverandi forstjóra Houghton Mifflin útgáfurisans
10:45	KAFFIHLÉ
11:15	<b>Hvar er fjármagnið?</b> Leitin að fjármagni í fjármálakreppu, <i>pallborðsumræður</i> <b>Hvað getur grænt gert fyrir þig?</b> Hvar liggja tækifærin í grænni orku (e. Clean Tech)? <i>pallborðsumræður</i>
12:15-13:30	HÁDEGISHLÉ
13:30	Ungir frumkvöðlar og áhrif þeirra, <i>pallborðsumræður</i> Hvernig vinna á bug á hindrunum til að ná árangri, <i>pallborðsumræður</i>
15:00	KAFFIHLÉ
14:45	Árangurssaga úr efnahagslægðinni, <i>gagnvirk vinnusmiðja</i> Samfélagsleg frumkvöðlastarfsemi, <i>gagnvirk vinnusmiðja</i>
16:15 - 17:15	Ónýttir möguleikar: Hlutverk frumkvöðla, fyrirtækja og stofnana Keppni í lyftukynningum (e. Elevator Pitch Competition) <i>Undankeppni</i>
19:30 - 22:30	Nýsköpunarkvöldverður, Perlan

## Föstudagur 26. mars

9:30 - 9:45	Dagskrárkynning
9:45	<b>Dr. Alf Bjørseth</b> , stofnandi Renewable Energy Corporation, handhafi orðu St. Olavs
10:45	Keppni í lyftukynningum (e. Elevator Pitch Competition), <i>úrslit</i>
11:15 - 11:45	KAFFIHLÉ
11:45	Internetið – frumkvöðlar, <i>vinnusmiðja</i> Stofnun fyrirtækis án áhættufjármagns, <i>vinnusmiðja</i>
12:45 - 14:00	HÁDEGISHLÉ
14:00	<b>Ferskar undirstöður:</b> Opinberar reglur um endurbyggingu efnahagsins Hvernig skapandi og framtakssamar konur geta breytt heiminum
14:45 - 15:00	KAFFIHLÉ
15:30	<b>Robin Chase</b> , stofnandi og fyrrverandi forstjóri Zipcar og GoLoco, valin ein af 100 áhrifamestu einstaklingum heims af tímaritinu TIME Magazine
16:30	<b>Nordic Cleantech Open</b> , formleg opnun nýrrar keppni um græna orku
17:00 - 17:30	Ráðstefnulok
18:30 - 22:00	Bláa Lónið, kveðjuathöfn

Skráning á [www.ru.is/mba/mitgsw](http://www.ru.is/mba/mitgsw)

# Nader Darehshori

LÍFIÐ ER SKÓLI SVO AF HVERJU EKKI AÐ LÆRA AF ÞVÍ?

Eftir Elínrósu Línal



Útgáfumógullinn Nader Darehshori heldur erindi á frumkvöðlaráðstefnu MIT, HR og Innovit.

Málefni er varða nýsköpun hafa á undanförunum misserum verið ofarlega í umræðunni hér á landi. Margir telja að breyttir tímar kalli á ný úrræði. En hvað er nýsköpun og hvað einkennir frumkvöðla? eru þeir öðruvísi en annað fólk? Leynist kannski frumkvöðull í þér?

Eitt þekktasta nafnið í heimi viðskiptanna í heimabæ MIT-háskólans í Boston, er án efa Nader F. Darehshori. Hann hóf feril sinn hjá útgáfufyrirtækinu Houghton Mifflin á síðari hluta sjöunda áratugarins. Hann var solumaður í deild fyrirtækisins sem sá um útgáfu á fræðsluefni fyrir skóla á gagnfræðastigi. Á tæpum þremur áratugum vann hann sig jafnt og þétt upp í fyrirtækinu og varð síðar forstjóri þess árið 1991. Darehshori stýrði Houghton Mifflin farsælega í ein ellefu ár, eða þar til hann seldi hlut sinn í fyrirtækinu árið 2002 og lét af störfum þá 70 ára að aldri. Það var þá sem Darehshori fann frumkvöðulinn í sjálfum sér.

„Þegar ég settist í helgan stein myndaðist tómarúm í lífi mínu og ég uppgötvaði að þetta væri bara alls ekki fyrir mig. Ég er lélegur dansari, ekkert sérlega laginn með golfkylfuna og ég vissi þar af leiðandi ekki hvað ég átti að gera við tímann sem ég hafði aflögu. Mér einfaldlega leiddist,“ segir Darehshori og heldur áfram að útskýra þetta tímabil í lífi sínu. „Ég vildi vera í kringum skapandi fólk og ég vildi vinna við það sem ég kunnist best. Ég tók því þá einföldu ákvörðun að hætta við að setjast í helgan stein og snúa mér að nýsköpun.“

## AÐ SINNA ÞÖRFUM FÓLKS

Talið er að margir farsælir frumkvöðlar eigi það sameiginlegt að vera góðir hlustendur þegar kemur að vandamálum fólks í hinu daglega lífi. Vandamálið sem Darehshori vildi leysa tengdist því að finna leið til að efla ungt fólk sem ætti við námsörðugleika að stríða. Viðskiptahugmynd hans gekk út á að útvega námsefni fyrir börn sem þurftu á hjálp að halda í námi sínu.

Darehshori safnaði í kringum sig sterkum hópi fólks og í samstarfi við smærri fyrirtæki var viðskiptahugmyndin þróuð áfram. Finna þurfti fjárfesta til að leggja fram umtalsvert fjármagn (heimildir segja 100 milljónir Bandaríkjadala) og úr varð útgáfufyrirtækið Cambium Learning.

En Darehshori lét ekki þar við sitja heldur seldi Cambium Learning fimm árum eftir stofnun þess. Fyrirtækið var þá orðið farsælt útgáfufyrirtæki með 300 starfsmenn og ársveltu sem hljóp á 100 milljónum dollara. Darehshori hefur nú stofnað Novium Learning sem sérhæfir sig í þjálfun á sviði sérfræðipekkingar, allt frá snyrtitæknum til vélaverkfræðinga.

## EKKI HVAÐ, HELDUR HVERNIG

Aðspurður um nýsköpun og hlutverk hennar í daglegu lífi segist hann ávallt vera að læra og aðlaga sig nýjum upplýsingum og breytilegu umhverfi.

Menntun á greinilega hug hans allan: „Menntun skiptir öllu máli, hún er grunnurinn sem þú byggir alla þína þekkingu og reynslu á. Ég er alltaf að læra eitthvað nýtt,“ segir hann. „Menntun mín hefur til að mynda hjálpað mér að tjá mig, kennt mér að finna réttar upplýsingar og hafa samskipti við aðra. Hún hefur einnig hjálpað mér að öðlast sérþekkingu á mínu sviði.“

En hvernig fólk leitast Darehshori við að hafa í kringum sig og hvað metur hann mest í fari fólks?

„Ég met einstaklinginn fyrir það sem hann gerir en ekki fyrir það hvaða starfs-til hann ber. Ég met hann fyrir það hvernig hann vinnur vinnuna sína en ekki fyrir það við hvað hann fæst. Ég læri mikið af auðmjúku fólkum sem er tilbúið að

gefa af sér og þetta fólk er oft og tíðum ekki endilega fólkíð sem er að raka inn peningunum. Þetta eru hugsuðirnir; kennarar sem eru tilbúnir að gefa af þekkingarbrunni sínum.“

## TÆKIFÆRI TIL ENDURMATS

Spurður hvernig Ísland geti nýtt sér nýsköpun til að koma sér út úr erfiðum aðstæðum stendur ekki á svari. Hann segir að láti Íslendingar til sín taka í græna orkugeiranum og líftækni og finni þeir nýjar leiðir til að þróa, markaðssetja og dreifa upplýsingum geti þjóðin endurheimt efnahagslega farsæld sína og haldið áfram að vaxa.

En hvaða áhrif hefur kreppan haft á Darehshori? „Ég líkt og allir aðrir í viðskiptum hef fundið fyrir efnahagsástandinu en ég geri mér grein fyrir því að þetta er tímabil sem mun taka enda. Á tímum sem þessum gefst tækifæri til að íhuga, hugsa hlutina upp á nýtt og hugsa til framtíðarinnar. Við fáum líka gott tækifæri til að finna leiðir til að lækka öll útgjöld og kostnað. Síðast en ekki síst gefur efnahagsástandið okkur ný tækifæri til að vinna með,“ segir hann og það er augljóst að hann hefur hvorki misst trú sína né eldmóð.

En hvað þarf leiðtogi að hafa á tímum sem þessum að hans mati?

„Það er án efa erfiðara að leiða á tímum sem þessum en við megum ekki gleyma að tækifærin leynast víða. Erfiðir tímar kalla á meiri hæfileika og

varkáringu viðskiptahætti. En viðskipti, jafnvel á tímum sem þessum, eru viðskiptanna virði. Það sama má segja um fólk sem einsetur sér að ná markmiðum sínum. Fólk sem vinnur verk sitt af kostgæfni og finnur nýjar leiðir til að stjórna - er fólk að mínu skapi,“ segir hann.

## KEMUR SÍFELT Á ÓVART

Darehshori er svo sannarlega ekki stjórnandi sem stýrir fólkum með kulda eða fjarlægð. Hann ber virðingu fyrir fólkum og segir það stöðugt vera að koma sér á óvart. „Ég gæti sagt frá svo ótalmörgum dæmum þar sem fólk hefur komið mér á óvart. Það er alltaf að gerast. Ég lenti í ótrúlegu atviki fyrir nokkrum vikum þegar ég var að leggja bílnum mínum. Ég sá konu koma út úr bíl og leita í veski sínu að skiptimynt til að setja í stöðumælinn. Ég átti auka skiptimynt og setti pening í mælinn hennar. Þegar ég kom að bílnum mínum stuttu seinna fann ég rós á framrúðunni – þakkir frá konunni sem ég hafði hjálpað áður.“

Að lokum berst tal okkar að velgengni. Hefur maður eins og Darehshori náð markmiðum sínum og hvernig skilgreinir hann velgengni?

„Vulgengni á sér stað að mínu mati þegar ég hef náð að hafa jákvæð áhrif á aðra í kringum mig. Sérstaklega á þá sem standa mér nærri. Velgengni er þegar maður fær tækifæri til að stuðla að því að fólkíð í kringum mann nær markmiðum sínum,“ segir hann að lokum.

„MENNTUN SKIPTIR ÖLLU MÁLI, HÚN ER GRUNNURINN SEM ÞÚ BYGGIR ALLA ÞÍNA ÞEKkingu OG REYNSLU Á. ÉG ER ALLTAF AÐ LÆRA EITTHVAÐ NÝTT“.

# Rannsóknir, vísindi og nýsköpun

- Rannís veitir stuðning við rannsóknir, rannsóknatengt nám, tækniþróun og nýsköpun og veitir faglega þjónustu við undirbúning og framkvæmd opinberrar vísinda- og tæknistefnu
- Rannís hefur umsjón með samkeppnissjóðum á sviði rannsókna og nýsköpunar
- Rannís veitir íslensku vísindasamfélagi upplýsingar um alþjóðlegt samstarf og sóknarfæri
- Rannís kynnr áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag



**rannís**

Laugavegi 13, 101 Reykjavík  
sími 515 5800, rannis@rannis.is  
[www.rannis.is](http://www.rannis.is)

# Frumkvöðlar

HVERS VEGNA ER HUGMYNDIN ÞÍN LEYNDARMÁL?

Eftir Gunnar Hólmstein, framkvæmdastjóra CLARA



**CLARA HJÁLPAR FYRIRTÆKJUM AÐ SKILJA VIÐSKIPTAVINI SÍNA BETUR MEÐ ÞVÍ AÐ GREINA UMTAL Í FRÉTTUM, SPJALLÞRÁÐUM, BLOGGUM OG ATHUGASEMDUM Á NETINU.**  
[www.clara.is](http://www.clara.is)

Um það bil þremur mánuðum eftir að við í CLARA byrjuðum að vinna að hugmyndinni okkar ákváðum við að segja frá henni í fyrsta skipti. Fyrir þann tíma fannst okkur hugmyndin svo góð að við töldum að henni yrði stolið um leið og einhver myndi heyra hana. Í dag finnst okkur hugmyndin enn þágóð. Tólf starfsmenn, ört stækkandi viðskiptahópur og fjárfestar okkar eru á sama máli. Á sínum tíma sögðum við öllum sem nemtu að hlusta frá hugmyndinni okkar, jafnvel líka þeim sem nemtu ekki að hlusta! Ástæðan fyrir því að hugmyndin er enn þá „góð“, er einmitt sú staðreynd að við sögðum frá henni.

## HVAÐ GRÍPUR?

Að útskýra flókna hugmynd getur oft verið erfitt. Þetta á sérstaklega við þegar hugmyndin vikur ekki úr huganum og nánast allar hugsanir snúast um hana. Þér finnst hún svo einföld og auðskiljanleg. Í hvert skipti sem þú útskýrir hugmyndina þína heyrir þú hvað fólk grípur. Þú færð smátt og smátt á tilfinninguna hvað það er sem vekur áhuga fólks og hvernig er best að útskýra hana. Fljótlega verður þú orðinn fær um að útskýra hugmynd þína fyrir ömmu þinni og vinkonum hennar.

## HVAÐAN KOMA TÆKIFÆRIN?

Þú hittir mann á förnum vegi og eftir stutt samtal um hugmyndina segir hann þér frá félag sínum sem var einmitt að velja sér uppúr svipuðum hlutum. Þú setur þig í samband við félagann og áður en þú veist af er viðkomandi kominn í teymið þitt og hugmyndin orðin sterkari fyrir vikið. Það kemur mér oft á óvart, í samræðum við hina og þessa, hversu oft er hægt að finna einhvern flöt þar sem við getum hjálpað hvor öðrum. Létt spjall yfir bjór gæti endað í ráðningu, viðskiptasamtarfi, fjármögnun eða einfaldlega góðum ráðum. Því fleiri sem þú talar við, því fleiri hurðir opnast.

## HVER BORGAR?

Öllum skjátlást einhvern tímann. Með því að ræða hugmyndina kemstu kannski að því að varan eða þjónustan er þegar fánleg eða að enginn hefur áhuga á að kaupa hana. Það besta og ódýrasta er að leita uppi mögulega framtíðar viðskiptavini þína og spyrja þá ráða. Flestir taka vel í að hitta þig og ræða málin, gefa ráðleggingar og vilja glaðir hjálpa þér að forgangsráða. Einnig gæti þeim fundist þeir eiga eitt-hvað í hugmyndinni þegar hún verður loks að veruleika og vilja þá ólmir taka þátt.

## HVERT Á AÐ FARA?

Það hefur hjálpað okkur mikið að segja frá hugmyndinni, spyrja sem flesta, vera opnir og móttækilegir fyrir uppbyggilegri gagnrýni. Af eigin raun veit ég að MIT Global Startup Workshop er tilvalinn vettvangur til þess að deila hugmyndum sínum með öðrum og fá góða rýni til gagns. Ég held enn þá sambandi við nokkra öfluga einstaklinga sem ég kynntist á þessari sömu ráðstefnu í Cape Town í Suður-Afríku fyrir ári. Þangað kemur fjöldi frumkvöðla, fjárfesta og fólks úr stuðningsumhverfinu, og vonandi þú líka!

INNOVIT, NÝSKÖPUNAR – OG FRUMKVÖÐLASETUR

## Stofna örfjárfestingarsjóð að hætti Sílikondalsins



Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovit

„HELSTU EIGENDUR INNOVIT: SJÓ EINSTAKLINGAR, NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS, SAMTÖK IÐNAÐARINS, HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK OG HÁSKÓLI ÍSLANDS.“

Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur, var stofnað af hópi ungs hugsjónafólks í ársbyrjun 2007.

**HVAÐ TELUR ÞÚ AÐ EINKENNI INNOVIT SEM FRUMKVÖÐLASETUR?** „Við erum ekki aðeins þjónustumiðstöð og ráðgjafi fyrir nýsköpunarfyrirtæki heldur erum við sjálf frumkvöðlar. Innovit var stofnað upp úr engu öðru en hugmyndum og hugsjón okkar sem að fyrirtækinu stóðum og nýtur í dag viðurkenningar innanlands og trausts meðal alþjóðlegra aðila sem hafa falið okkur umsjón með mikilvægum verkefnum. Sem dæmi má nefna að nýlega fékk Innovit sérstaka viðurkenningu fyrir árangur í skipulagi Alþjóðlegrar athafnavíku (e. Global Entrepreneurship Week) á ráðstefnu í Dúbaí,“ segir Andri Heiðar og bætir við: „Það tengslanet sem mótað hefur starfseminna hvað mest er einmitt MIT Global Startup Workshop ráðstefnan sem nú er haldin á Íslandi, en þetta er í fjórða sinn sem við hjá Innovit tökum þátt í henni.“

**HVERNIG HEFUR RÁÐSTEFNA EINS OG MIT GSW HJÁLPAÐ YKKUR HJÁ INNOVIT?** „Tveir meginþættir í núverandi starfsemi Innovit eiga báðir rætur sínar að rekja til ráðstefnunnar og þeirra tengsla sem þar hafa myndast. Í kjölfar ráðstefnunnar árið 2007 var ákveðið að setja á fót íslenska frumkvöðlakeppni

að fyrirmynd frá MIT, sem hlaut nafnið Gulleggið. Árið 2009 var svo komið að því að Innovit kynntist Alþjóðlegri athafnavíku og er Innovit þannig komið í hóp 78 lykilstuðningsaðila nýsköpunar í heiminum sem hafa umsjón með vikunni hver í sínu landi.“

**ÞÚ NEFNIR KEPPNINA UM GULLEGGIÐ, HVERNIG HEFUR SPROTAFYRIRTÆKJUNUM GENGIÐ Í KJÖLFAR KEPPNINNAR?** „Gulleggið er gott dæmi um þá athafnasemi sem finna má á Íslandi í dag. Fyrirtæki sem hafa verið stofnuð út frá hugmyndum tengdum keppninni hafa skapað á annað hundrad störf og velta á fjórða hundrad milljón króna. Það fyllir okkur stolti og er besti mælikvarðinn á árangurinn af starfi Innovit.“

**AÐ LOKUM, HVER ERU STÓRU VERKEFNIN FRAMUNDAN?** „Næsta stóra skref hjá okkur í Innovit felur í sér stofnun örfjárfestingarsjóðs að fyrirmynd frá Sílikondalnum í Bandaríkjunum. Með slíku fyrirkomulagi verður lögð aukin áhersla á að aðstoða sprotafyrirtæki við að þróa söluhæfa vöru, selja hana og byggja upp fyrirtæki á hraðari og markvissari hátt en áður hefur þekkt á Íslandi. Við höfum fengið góðan meðbyr með þessari hugmynd og hlökkum mikið til að vinna áfram með íslenskum sprotum í alþjóðlegu umhverfi.“

KLAK – NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

## Stórfyrirtæki voru einu sinni lítið tæki frumkvöðuls

Ísland þarf frumkvöðla sem eru tilbúnir að búa til fyrirtæki og skapa verðmæti. Stundum gleymist að fyrirtæki er tæki til þess að skipuleggja og rækta hæfni og auðlindir með verðmætasköpun fyrir viðskiptavini að leiðarljósi. Þetta eru mikilvæg tæki fyrir samfélagið, nauðsynleg fyrir nútímasamfélagið. Það gleymist líka oft að stórfyrirtæki var einhvern tímann lítið tæki sem einmana frumkvöðull eyddi svita og tárur við að setja saman. Það er þess virki að koma slíku tæki saman. Oftast er þetta sagan af Litlu gulu hænunni.

Á haustmánuðum 2008, um leið og bankar landsins hrundu eins og spilaborg, var búið til tæki sem hefur þann tilgang að skapa og þróa með frumkvöðlum viðskiptaþekkingu og tengslanet. Þetta var nýtt tæki sem varð til að frumkvæði Klaks – Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins og Háskólans í Reykjavík. Frumkvöðlar og stjórnendur sprotafyrirtækja móta sitt eigið fyrirtæki í samstarfi við aðra frumkvöðla, sérfræðinga í fyrirtækjaráðgjöf, fræðimenn og athafnamenn. Þetta er tæki sem skapar nauðsynlega viðskiptaþekkingu og mikilvægt tengslanet til þess að búa til fyrirtæki. Þetta tæki er Viðskiptasmiðjan – Hraðbraut nýrra fyrirtækja, tæki til að búa til fyrirtæki.

Til þess að fleiri og betri fyrirtæki verði til á Íslandi þarf þekkingu ekki síður en fjármagn, auðmýkt ekki síður en áræðni og samstarf ekki síður en samkeppni. Frumkvöðlar þurfa að einbeita sér að því sem til þarf til að búa til fyrirtæki. Viðskiptaþekking og tengslanet eru lykilauðlindir. Frumkvöðlar eiga að ákveða að hafa einhvern tilgang, markmið og fókus sem snýst um að búa til tæki sem er fyrirtæki sem hefur verðmætasköpun fyrir viðskiptavini að leiðarljósi. Það er fólk sem Ísland þarf til þess að skapa framtíðina.

*Dr. Eyþór Ívar Jónsson er framkvæmdastjóri Klaks – Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins og stjórnarformaður Sprotapings Íslands*

HUGMYNDAHÚS HÁSKÓLANNA

## Hvetur frumkvöðla til góðra verka

Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands starfrækja Hugmyndahús háskólanna. Hugmyndahúsið starfar á grasrót-arvettvangi nýsköpunar. Þannig er sprotum skapaður vettvangur til að þróa og taka sín fyrstu skref. Í frumkvöðlasetri hússins hafa um 25 fyrirtæki komið við sögu fyrsta starfsár þess en í dag eru þar um 14 fyrirtæki með um 40 stöðugildi.

Í vor ætlar Hugmyndahúsið að taka stærra skref og bjóða útskrifuðum háskólanemendum upp á nýsköpunarverkefni þar sem spunnid er saman listum, tækni og vísindum. Þar verður öllum háskólunum boðið til samvinnu en verkefnið sem hlotið hefur nafnið Útgerðin mun hýsa sviðslistir og frumkvöðlasetur undir formerkjum skapandi greina og vísinda.

Með Útgerðarverkefninu vill Hugmyndahús háskólanna stuðla að enn frekari tækifærum og hvetja frumkvöðla og sprota áfram til góðra verka.



VINUN EHF.

STOFNAD:  
2007  
STOFNANDI:  
Gunnhildur Heiða  
Axelsdóttir  
FJÖLDI STARFSMANNA:  
35  
HELSTI MARKAÐUR  
FYRIRTÆKISINS:  
Þjónusta við fatlað  
fólk, aldraða, langveika,  
börn, unglínga og  
aðstandendur.  
www.vinun.is

Gunnhildur Heiða Axelsdóttir

ÞÚ ÞARFT AÐ HUGSA HVERT SKREF TIL AÐ HALDA LÍFI!



**Hvað kom til að þú stofnaðir eigið frumkvöðlafyrirtæki?** „Ég vann hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á árunum 2000 til 2005 og í vinnu minni þar kynntist ég því hvað það var mikil þörf á þjónustu fyrir fólk sem verður fatlað á fullorðinsárum og langveika. Þessi hópur hefur af einhverjum ástæðum orðið útundan í kerfinu okkar og þjónusta til hans er mjög snubbótt. Þess vegna fór ég að hugsa um hvað það væri mikilvægt að koma á fyrirtæki sem veitti alhliða þjónustu svo fólk gæti stýrt þjónustu sinni sjálf. Það varð því úr að ég stofnaði Vinun snemma árs 2007.“

**Hvað gerir fyrirtæki þitt?** „Það veitir sveigjanlega þjónustu til fatlaðs fólks, langveikra, aldraðra, og aðstandenda sem sinna umönnun. Við erum líka með sálfræðiþjónustu og ýmsa fagþjónustu eins og fyrir einhverfa.“

**Hvaða þrjú ráð myndir þú gefa aðilum sem hafa áhuga á að stofna eigið fyrirtæki?** „Í fyrsta lagi að hafa trú á því sem maður er að gera. Í öðru lagi að kaupa alla þá hvatningu, stuðning og handleiðslu sem völ er á og kaupa aðstoð af keppnisliði. Í þriðja lagi að vera meðvitaður um það að það þarf að taka eitt skref í einu. Þetta er eins og að hanga utan í fjallshlíð þar sem þú þarft að hugsa hvert skref sem þú tekur til að halda lífi. En í því felst líka áskorun og gleði yfir hverju réttu skrefi.“



Guðný Reimarsdóttir

ÞÚ ÞARFT AÐ HAGA ÓÞRJÓTANDI BIRGÐIR AF ÞOLINMÆÐI



**Hvað kom til að þú stofnaðir eigið frumkvöðlafyrirtæki?** „Eins og svo oft með frumkvöðlafyrirtæki þá byggja þau á þekkingu og reynslu á einhverju sviði sem tengist nýrri hugmynd eða útfærslu á hugmynd. Í þessu tilfelli á reynslu og þekkingu vegna starfa fyrir annað fyrirtæki sem ég hef unnið við síðan það var stofnað 2002.“

**Hvað gerir fyrirtæki þitt?** „Framleiðir og selur umhverfisvænar tæknilausnir fyrir sorpiðnað erlendis.“

**Hverjir eru viðskiptavinir þínir?** „Fyrst og fremst sveitarfélög í Bretlandi.“

**Hvaða þrjú ráð myndir þú gefa aðilum sem hafa áhuga á að stofna eigið fyrirtæki?** „Í fyrsta lagi að vanmeta ekki mikilvægi þess að þekkja vel markaðinn og umhverfið og þá ekki síst hvað ræður kauphegðun viðskiptavinarins. Það er ekki alltaf nóg að vera með frábæra vöru og gott verð. Í öðru lagi að fara ekki af stað nema vera með góða samstarfsaðila því maður gerir ekkert einn. Þá þarf maður að hafa trú á verkefninu. Í þriðja lagi að hafa

**Hverjir eru viðskiptavinir þínir?** „Fatlað fólk, langveikir og aldraðir.“

**Varstu lengi með hugmyndina í kollinum áður en þú lést til skarar skrifa?** „Nei, raunar ekki. Ég hef alltaf unnið mikið svo það var kominn tími til að vinna að því sem ég hafði trú á og byggja upp það sem ég vildi sjá að væri gert.“

**Notfærðir þú þér aðstöðu Hugmyndahússins, Innovit og fleiri þegar þú varst að byrja?** „Já, ég hafði fyrst farið á námskeið hjá Brautargengi og ári síðar fór ég á námskeið hjá Innovit. Þeir voru mér innan handar þegar ég tók að mér fyrsta stóra verkefni mitt og studdu mjög vel við bakið á mér. Ég hefði ekki viljað vera án þess.“

**Er gaman í vinnunni?** „Já, það kemur samt fyrir að ég nenni ekki að bera ábyrgð og þá leyfi ég mér að „chilla“ þ.e. að fara á kaffihús og vinna, sofa aðeins út eða slökkva á símanum. Ég get það af því ég er með svo gott fólk í kringum mig sem tekur ábyrgðina á sig á móti. Ég passa líka upp á að það fái sinn gæðatíma.“

**Hefur þú lært eitthvað sérstakt í þessu ferli?** „Já, að samvinna er mikilvæg og aðgangur að góðu tengslaneti sem og að vera með gott fólk í kringum sig.“

óþrjótandi birgðir af þolinmæði, þrjúsku, þrautseigju og úrræðum. Vera tilbúin að vinna 24 tíma, 7 daga vikunnar árum saman áður en árangurinn kemur í ljós.“

**Varstu lengi með hugmyndina í kollinum áður en þú lést til skarar skrifa?** „Viðskiptahugmyndin kom fyrst upp 1998 en var ekki sett í framkvæmd fyrr en haustið 2001. Eftir vandlega yfirlegu var farið af stað sumarið 2002.“

**Notfærðir þú þér aðstöðu Hugmyndahússins, Innovit eða annarra þegar þú varst að byrja?** „Nei.“

**Er gaman í vinnunni?** „Það er gaman að gera það sem maður hefur trú á og að vera með góðu fólki í að áorka einhverju sem maður telur skipta máli.“

**Lærðir þú eitthvað sérstakt í þessu ferli sem þú vilt deila með lesendum?** „Fyrirtæki þurfa að vera einstaklega lifandi og fær um að bregðast fljótt við. Ekki má láta áföll draga úr sér kjark og hugsa þarf stanslaust um lausnir og hvernig maður kemur sér áfram.“



# KNOWHOW VERKLAG II

Project manager: Ingibjörg Jóhannsdóttir  
(ingibjorg@myndlistaskolinn.is)  
The Reykjavik School of Visual Art  
(www.myndlistaskolinn.is).  
Lead researcher drawing: Sólveig Aðalsteinsdóttir  
(soladal@internet.is, http://this.is/fyll/artists/solveig/).  
Lead researcher textile: Hildur Bjarnadóttir  
(hildurusa@gmail.com, http://www.hildur.net/).

EU Funded Leonardo da Vinci Transfer of Innovation project 2009 - 2011



A 24 month partnership project of six art and vet schools, led by The Reykjavik School of Visual Art in collaboration with professional sectors in creative industry and design

MYNDLISTASKÓLINN  
Í REYKJAVÍK

## Hönnunar-og handverksskólinn Tækniskólinn

KNOWHOW II  
DEC. 2009 1st. issue  
www.knowhow2.is



About the project

The key aim of Knowhow-expanded, KNOWHOW II, is to transfer a methodology of teaching and learning where the focus is on a tactile experience evoking experimentation with materials and methods. This method was developed in the Leonardo pilot project KnowHow, 2004- 2007, (www.knowhow.is). Based on this methodology, a 2 year study-line in ceramics was structured in the first KnowHow project and is currently taught at The Reykjavik School of Visual Art and The Technical College of Reykjavik. This methodology will now be applied as a basis for founding two new study-lines; a 2 year program in drawing and in textiles on art/VET school level. The core of the Knowhow methodology is that tactile learning is an important and valuable method of teaching and learning, suitable for people who feel less at ease with studying along the traditional academic learning paths, giving individuals new possibilities and benefitting society as a whole. Professional connections are made across different sectors in art, design, industry and craft.

New dimension in education

The two study lines will add a new dimension to art/VET education and offer an education possibility that will address the aim of the Icelandic government; to decrease the 33% EU record high drop-out rate to 10% by 2010. The project focuses on adapting the two study lines to the European Qualification Framework (EQF). In most of the partners countries, curriculum is based on the National Qualification Framework (NQF) which has been designed by policy makers with reference to EQF. Knowhow—expanded will offer valuable experience in adapting curriculum to learning outcomes, based on EQF and will be a role model for other schools and policy makers in Iceland and Europe.

Who is involved in KNOWHOW II ?

The Reykjavik School of Visual Art (IS)  
The Technical College of Reykjavik (IS)  
University of Cumbria (UK)  
Heriot-Watt University (UK)  
Bergen National Academy of the Arts (NO)  
VIA University College (DK)  
CCP, computer games manufacturer (IS)  
STEINUNN, textile designer and manufacturer (IS)  
The Ministry of Education and Culture (IS)



Target group/sector

- Art and VET school students who are interested in developing their creative capabilities through materials and methods.
- Creative industry (drawing, computer games)
- Design (textiles)

The project's aim to establish two study-lines in drawing and in textiles within art and vet school programmes will fall within different professional fields and will be developed in close collaboration with companies within the respective sectors.

Project's output aims

- Two new 2 year study-lines in drawing and in textiles, in 6 Art/VET schools in Europe, based on the Knowhow methodology of tactile learning.
- Adapt the study-lines to the European Qualification Framework (EQF), thus creating a sectoral qualification system for the creative industries and design sectors. The study-lines will be on the 4th reference level but are intended to create a link to the 5th EQF level.
- A transparent learning outcome based award credit point system, for across the border transfer in order to increase mobility within the formal school system as well as encouraging transparency and quality of Art/VET education programmes in different European countries
- A platform between six schools, where students and teachers will be able to exchange experience and ideas among the schools and companies within the targeted sectors.

Method

The project will analyze future needs of the respective sectors in 4 different countries, develop a platform for discussion on current status of the study lines in the partners' countries, develop a framework for the studies and pilot the study-lines in Iceland 2010 – 2011.

The progress of the project and a discussion forum can be followed on www.knowhow2.is



# Klæða skrifstofuna vel

Íslensku Fansa skrifstofuhúsgögnin eru stílhrein, sveigjanleg og í takt við þarfir íslenskra fyrirtækja. Mikil áhersla er lögð á að allar einingar falli vel saman og þannig eru möguleikar á uppröðun ótalmargir, hvort sem skrifstofuhúsnæðið er lítið eða stórt. Hönnun Fansa húsgagnalínunnar er í höndum Valdimars Harðarsonar arkitekts.



Verið velkomin í sýningarsal okkar í Hallarmúla 4 og Hafnarstræti 93 á Akureyri.  
Fáðu nánari upplýsingar og ráðgjöf í síma 540 2000 eða sendu fyrirspurn á netfangið [husgogn@penninn.is](mailto:husgogn@penninn.is)



Með þér í vinnunni